



23. árgangur 3. tbl. Mars 2024

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir  
Á.b.m: Asta Stefánsdóttir

# AÐALFUNDUR

# UMF.BISK

1 3 . M A R S  
2 0 : 0 0

A R A T U N G U



Raðhús til leigu í Reykholti, tímabundið í sumar.  
Húsið getur verið laust frá 23 apríl og út september.  
Húsið kemur fullinnréttað og er með ljósleiðaratengingu.

Getur hentað til að hýsa starfsfólk, eða hvern sem vill eyða sumrinu í Reykholti.

Frekari upplýsingar gefur Halldór  
[halldorkarlolafsson@gmail.com](mailto:halldorkarlolafsson@gmail.com)  
eða í síma 8470313



## Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í apríl 2024. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1.  
apríl 2024. Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á  
[blaskogabyggd@blaskogabyggd.is](mailto:blaskogabyggd@blaskogabyggd.is) eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í  
síma 480-3000



Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.

# Oddvitapistill

Ásborg Ósk Arnþórsdóttir hefur látið af störfum sem ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu. Ásborg hefur sinnt sínu starfi af miklum heilindum öll þau ár sem hún hefur starfað fyrir sveitarfélögin fjögur í Uppsveitum. Ásborg hefur hjálpað og leiðbeint einstaklingum og fyrirtækjum að byggja upp sína ferðaþjónustu með góðum árangri. Með störfum sínum hefur Ásborg öðlast mikla virðingu um allt land og hefur í gegnum tíðina verið leitað til hennar með ýmis ráð og upplýsingar. Ásborg hefur margsinnir verið skipuð í allskonar ráð og nefndir af hinu opinbera og er það til marks um hennar þekkingu og þá virðingu sem hún nýtur í ferðamálageiranum. Ég vil nota tækifærið og þakka Ásborgu fyrir einstaklega góð störf í þágu alls samfélagsins og óska henni velfarnaðar á þessum tímamótum.

Fyrsta skóflustungan að Árböðunum var tekin 5. mars sl. Árböðin eru á gömlu sláturhúslóðinni í Laugarási en þar á að rísa glæsilegt baðlón. Gert er ráð fyrir að hótél muni svo rísa á lóðinni fljótlega í framhaldinum. Eins og gefur að skilja er þörf á miklu vatni, sveitarfélagið hefur skuldbundið þig til að geta afhent Árböðunum 20 ltr á sekúndu. Árböðin munu draga til þín fjölda gesta en Laugarás er vel staðsettur og mun verða einn af áfangastöðum Gullna hringsins. Áformað er að böðin opni í maí 2025.

Í síðasta pistli sagði ég frá því að útboð á slætti í Reykholti og Laugarási og á 3. áfanga endurnýjunar fráveitunnar á Laugarvatni væru framundan. Þessa dagana er verið að fara yfir tilboð sem bærust og í framhaldinu verður gangið frá samningum við verktaka. Það eru fleiri verkefni sem eru að fara í eða eru í útboði hjá okkur þessa dagana. Er þar um að ræða byggingu nýs dæluhúss á Laugarvatni og gatnagerð í Borgarríma í Reykholti. Öll þessi útboð sýna hversu mikið er umleikis í sveitarfélaginu í enn frekari uppbyggingu innviða.

Brunavarnir Árnessýslu munu á næstu dögum hefja framkvæmdir við byggingu ríflega 300 fermetra slökkvistöðvar á Laugarvatni. Nýja slökkvistöðin verður fyrsta hús á hægri hönd þegar keyrt er inn Lindarskógana og er því vel staðsett ú frá útköllum. Með tilkomu nýrrar slökkvistöðvar mun starfið á Laugarvatni örugglega eflast enn frekar, en öll aðstaða slökkviliðsmanna mun stórbatna. Aðkoman að Laugarvatni mun einnig breytast með tilkomu hússins en eins og við höfum tekið eftir eru slökkvistöðvar og umhverfið þar í kring ávallt snyrtilegt.

Byggingu skrifstofuhússins fyrir UTU á Laugarvatni gengur mjög vel en gert er ráð fyrir að embættið flytji um miðjan apríl. Eins og fram hefur komið byggir og á Bláskógabyggð húsið og leigir það svo til embættis skipulags- og byggingafulltrúa. Húsið sem embættið og slökkviliðið hefur verið í verður selt og mun Hótél Laugarvatn kaupa húsið og er verið að ganga frá kaupunum þessa dagana. Þegar nýja UTU húsið verður vígt og afhent UTU verður opið hús svo áhugasamir geti litið húsið augum.

Þau eru mörg málin sem sveitarstjórn þarf að taka fyrir. Fyrir stuttu gáfum við umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu sem Matvælaráðherra kynnti í Samráðsgátt stjórnvalda. Það er óhætt að fullyrða það að ef þessi reglugerðardrög ná fram að ganga mun það breyta mjög miklu fyrir sauðfjárrækt í landinu. Í reglugerðardrögunum er m.a. gert ráð fyrir því að ekki megi beita land í yfir 600 metra hæð eða í 30 gráðu halla. Það er margt af þessu tagi sem er í reglugerðardrögunum sem mun hafa mikil áhrif ef þau ná fram að ganga. Hægt er að sjá reglugerðardrögin og allar umsagnir sem bærust á Samráðsgátt stjórnvalda en slóðin er: [www.samradsgatt.is](#)

Nú er farið að hlýna með hækkandi sól og kemur þá í ljós að vegirnir í okkar sveitarfélagi koma mjög illa undan vetrinum. Klæðningin á helstu stofnvegum í sveitarfélaginu er mjög illa farin, það eru víða holur, sig og sprungur bæði langsum og þversum eftir vegunum, auk mikillar frostlyftingar. Það er greinilegt að vanda þarf betur til verka við vegagerð á allan hátt. Reikna þarf með því mikla álagi sem er á vegunum við val á efni til vegagerðar. Það er fullreynt að vera með einhvern bútasam þegar kemur að vegagerð á Gullna hringnum. Þá koma malarvegir líka mjög illa undan vetrinum, má þar sérstaklega nefna Einhóltsveg sem er varla mönnum bjóðandi að keyra eftir. Sveitarfélagið mun taka það mál upp við Vegagerðina, en það er nauðsynlegt að allir komi skilaboðum til Vegagerðarinnar um að úrbóta er þörf, við getum ekki sætt okkur við óbreytt ástand.

Það gengur vel að koma nýrri flokkunarkörfu fyrir lífrænan úrgang til íbúanna, vonir standa til að dreifingunni ljúki á næstu dögum eða vikum. Með körfunni fylgja pappírspokar sem nota á í þessa flokkun. Góð flokkun á öllum úrgangi hvort sem það er á heimilum eða á gámastöðvunum okkar er hagur okkar allra. Með góðri flokkun er hægt að halda kostnaði í lágmarki og svo er það að sjálfsögðu betra ú frá umhverfissjónarmiðum.

Með kveðju,

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

# M! MERKILEGT! SKILTAGERÐ

- Alhliða skiltagerð
- Hönnun og ráðgjöf
- Merkingar á fasteignir
- Bilamerkingar
- Gluggamerkingar
- Merkingar á fatnað ýmiskonar
- Límmiðaprentun

**Merkilegt! · Útey 2 · Sími 791 4664**

## Bókasafn Reykholtsskóla

Bókasafnið í Reykholtsskóla

Opið er fyrir almenning á þriðjudögum kl. 17-19.

Fyrir þá sem ekki komast á opnunartíma er velkomið að kíkja við á skólatíma.

## Ökukennsla

B-réttindi , kerrupróf og akstursmat

María Carmen Magnúsdóttir Laugarvatni

Sími 895 1978 Tölvupóstfang [emmcemm@gmail.com](mailto:emmcemm@gmail.com)



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.  
Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga - fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á [heilsuvera.is](http://heilsuvera.is)

Kæru íbúar Bláskógabyggðar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfell 2a Hrunamannhrepp. Er með opið virka daga frá 8-16 eða eftir samkomulagi. Tímamantanir í síma 8676580

Hlakka til að sjá ykkur

Kær kveðja Adda Sigga löggildur fótaaðgerðafræðingur



## Bláskógabyggð

### Opnunartími gámastöðvanna

	Heiðarbær	Lindarskógar	Vegholt
Mánudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Þriðjudagur	10:00 - 12:00	Lokað	14:00 - 17:00
Miðvikudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Fimmtudagur	14:00 - 16:00	10:00 - 13:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	14:00 - 17:00	10:00 - 13:00
Laugardagur	10:00 - 12:00	13:00 - 15:00	16:00 - 18:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað

**Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga:** Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladaðag - Annan í jólum og Gamlársdag.

**Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum þremur gámastöðvunum.**

Bláskógabyggð er á Instagram



blaskogabygd

## Íþróttamiðstöðin í Reykholti Vetraropnun

14. ágúst 2023 – 17. maí 2024



Mánudaga 14:00 – 20:00

Þriðjudaga 14:00 – 22:00

Miðvikudaga 14:00 – 20:00

Fimmtudaga 14:00 – 22:00

Föstudaga 13:00 – 17:00

Laugardaga 10:00 – 18:00

Sunnudaga lokað

Sundlaug, heitur pottur, vaðlaug, vatnsrennibraut, kalt ker, þrek- og íþróttasalur. Opið er í tækjasal mánudaga til laugardaga frá 10:00 til lokunartíma sama dags.

## The Sport Center in Reykholt Opening hours during winter

14. August 2023 - 17. May 2024



Mondays 14:00 – 20:00

Tuesdays 14:00 – 22:00

Wednesdays 14:00 – 20:00

Thursdays 14:00 – 22:00

Fridays 13:00 – 17:00

Saturdays 10:00 – 18:00

Swimming pool, hot and cold tubs, water slide, gym and a fitness room. The Fitness center opens at 10:00 every day except Sundays.



Hægt er að hafa samband við hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða nota netspjallið vegna alls þess sem þér liggur á hjarta. Þar má fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi



## Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: [vidhald.drattur@gmail.com](mailto:vidhald.drattur@gmail.com)

Hrosshagi - 806

Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir Laugardalshólar.

Opnunartími verslunar er

Mán-miðvikudag	Lokað
fimmtudag	13-17
Föstudag	13-18
Laugardag	12-17
Sunnudag	Lokað

Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.

**HÓLABÚÐIN**



## Garðahönnun og ráðgjöf

Vantar þig aðstoð með útfærslur í garðinum þínum? Kannski get ég komið og aðstoðað. Hef góða þekkingu á plöntum og eiginleikum þeirra. Möguleiki er að fá teiknað á staðnum. Ég er garðyrkjufræðingur og landslagsarkitekt B.Sc. að mennt og fær teiknari. Hlakka til að heyra frá ykkur og veita góð ráð.



Endilega hafið samband. **Ellisif M. Bjarnadóttir**

s:865-4393 eða netfang [ellisifmb@gmail.com](mailto:ellisifmb@gmail.com).



HEILSUEFLANDI  
Uppsveitir  
velliðan fyrir alla

## LEIKFIMI FYRIR ÞIG

Opinn tími fyrir alla 60+ og aðra sem eru í endurhæfingu eða eru utan vinnumarkaðar. Tíminn er kl. 10 á mánudögum í íþróttahúsinu á Flúðum.


Leiðbeinandi: Gunnar Gunnarsson, íþrótt- og heilsufræðingur





Frá því fyrir áramót hefur þegar aðstæður hafa verið góðar verið troðnar gönguskíðabrautir frá gamla bílastæðinu við Geysir og inni skógræktina í Haukadal. Það er yfirleitt á föstudögum sem við troðum brautirnar enda er þar inni er oft skjól og nægur snjór þó annars staðar sé gjóla. Ef gengið er frá bílastæðinu við Geysir þá er hringurinn 5.5 km og ef byrjað er á bílastæðinu þar sem grillskýlið var inni Haukadalssskógi þá er hringurinn 2.7 km. Skorum á sem flesta að nýta sér svæðið, það má til dæmis nefna að það er ágætis sleðabrekka inná túninu við Haukadalskirkju.

Þetta gönguskíðaverkefni er framkvæmt í samstarfi við Land og skógur (Skógræktin) og hótél Geysir.



Íþróttamannvirki Bláskógabyggðar  
Laugarvatni  
S. 480 3041

## Opnunartímar

Sundlaug	Preksalur
Mánudag - Miðvikudags: 13:00 - 21:00	Mánudag - Fimmtudags: 10:00 - 22:00
Fimmtudaga: 15:00-21:00	Föstudaga : 10:00 - 18:00
Föstudaga, Laugardaga & Sunnudaga 13:00 - 18:00	Laugardaga & Sunnudaga 13:00 - 18:00

Velkomin á Laugarvatn

